

Tao teh king

Gangleri 1943, 1. hefti.

Bókin um dyggðina og veginn, eftir kínverska spekinginn Lao Tze, er nýlega komin út í nýrri þýðingu eftir S. Sörenson. Helgiritauðgáfan gaf bókina út. Var hún prentuð í Félagsprentsmiðjunni.

Rit þetta er eitt hinna sígildu rita trúarbragðanna, sem aldrei fynast. Eru þau full af heilræðum og bendingum um hvernig lifa beri lífinu og á hvern hátt menn geti nálgast guð, hvernig þeir geti orðið hinnar æðstu visku aðnjótandi og öðlast lausn, frelsun, hinn eilífa óeigingjarna frið Nirvana. Öll eiga rit þessi það sameiginlegt, að þau birta hin dýpstu sannindi tilverunnar í búningi líkinga og tákna og verða því ótæmandi viskubrunnur þeim, sem eru byrjaðir að lesa þetta líkingamál og má jafnvel ganga svo langt í fullyrðingum, að þau séu jafnt leiðbeiningar handa almenningsi og nemendum í hinum innri skólum.

Er margt í bók þessari vel fallið til hugleiðinga og vænlegt til þroskunar hvers konar dyggða.

Er þýðing bókarinnar góð og málið vandað, eins og vera ber, þegar um jafn markvert rit er að ræða. Prentunin smekklek og vel af hendi leyst.

Mun ég ef til vill síðar birta nokkrar hugleiðingar um bók þessa og reyna að skýra nokkur atriði hennar.

J. Á.

Tao teh king

Gangleri 1. hefti 1954.

Þegar ég gat um rit Lao Tzes: Tao the king í Ganglera, seinna heftinu 1943, minntist ég á, að ég mundi reyna síðar að birta nokkrar hugleiðingar um ritið. Vil ég nú reyna að fullnægja þessu loforði mínu, en tek það fram, að það verða aðeins fá atriði, sem ég geri að umtalsefni, því bæði er það, að það er ekki heiglum hent að ætla sér að fást við að skýra slíkt rit, svo að vel sé, og hitt, að óvíst er, að það verði þá nokkuð bætt úr skák með skýringunum, hvort þær verði í raun og veru lesandanum til nokkurs gagns, en um það verð ég að láta hann einan um að dæma.

HINN EINI - NAFN GUÐS

Það virðist svo sem orðið Tao merki hinn Eina, guð, enda ber skýringin á 4. kafla það með sér og segir það. Það er hann, sem að dómi höfundarins er á bak við alla tilveruna. Svarar það til þess í hinum innri fræðum, þar sem talað er um hina eilífu hugsjón, sem táknuð er með einum depli (sjá greinina Birting lífsins, í Ganglera, II. hefti 1943). Bendir það á hið nafnlausu nafn (21. kafli), sem er hin orsakalaus orsök. Hann felur í sér alla alveruna og er upphaf hennar og endir.

EILÍFÐIN

Sá, sem les 16. kaflann með athygli, mun að lokum komast að raun um, að það er sannleikur, að allt á upptök sín í eilífðinni og að allt hverfur þangað að lokum. Fyrstu tvær línurnar lýsa því, sem átt er við, það, sem sannfærir alla menn um gildi hlutanna, um lífið, hinn mikla tótmleika, hvarfið frá öllu hinu lægra, vegna þess að menn hafa yfirunnið það og náð hinu eilífa, fullkomnum friði. Þetta er, að mínum dómi, rétt lýsing á nirvana, þessu, sem málfræðingar Vesturlanda hafa þýtt með útslokknun, en veitir í raun og veru gersamlega rangan skilning á því hvað nirvana er. Nirvana er sú voldugasta fylling lífs, sem yfirgengur allan mannlegan skilning. Þar er sjálfsveran allt: Hinn ósegjanlegi friður, en þó hin voldugasta orka, kraftur, líf. Sá, sem hefur þó ekki sé nema eitt augnablik, skynjað frið nirvana, hann veit hvað eilífðin er, og hann veit að lífið er eilíft. Jesús sagði: - Minn frið gef ég yður. Sá, sem hefur öðlast dagvitund í nirvana, getur stöðugt og óaflátanlega veitt þennan frið.

ÞEKKTU SJÁLFAN ÞIG

Í skýringunni á 33. kaflanum er minnst á orð þau, sem sagt er að skráð hafi verið yfir inngöngunni að véfréttinni í Delfi. Sá, sem vill gera tilraun til þess að feta hina innri leið, leiðina fljótförnu, sem liggur til fullkomnunar, verður fyrr eða síðar að fullnægja þessu spakmæli. Hann verður að þekkja sjálfan sig til fullnustu, ef honum á að verða auðið að þekkja allt annað. Og hann getur ekki þekkt guð, nema í gegnum sjálfan sig, hann (guð) verður að vaxa hið innra með honum, til þess að hann fái skynjað hann als staðar annars staðar fyrir utan sig. Fyrir vöxt þrenningarinnar hið innra með honum getur hann nálgast guð

föður, son og heilagan anda. Það er í raun og veru ekki til nema þessi eina leið. Og hún er til í hverju mannshjarta. Þess vegna segir Jesús: Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið, enginn kemur til föðursins nema fyrir mig. Það er ekki hinn ytri Kristur, sem hann átti við, heldur hinn innri, sem býr í hverjum manni og hann og faðirinn eru eitt. Þess vegna hafði Jesús vald til þess að segja þetta, því hann hafði náð samvitund við föðurinn.

HIÐ ÆDSTA LÍF

43. kaflinn er einn hinn merkilegasti í ritinu að mínum dómi, því hann segir frá fyrirbrigðum, sem menn veita nálega enga eftirtekt. Hið ævarandi getur farið inn í það, sem ekki verður komist í gegnum. Það er hin hæsta sveifla og eru því allir hlutir tilverunnar opnir fyrir gegnumstreymi þessarar orku. Hún er því alls staðar. Er hún viðhaldskraftur tilverunnar, eins og blóðið og rás þess í líkama mannsins. Þessari orku má þó ná og flytja hana niður í ríkara mæli en hún streymir venjulega og breyta straumfalli hennar með siðaathöfnum og gera menn næmari og opnari fyrir þessum völduga krafti guðdómsins og þá geisla þeir honum út frá sér án afláts og án þess að þurfa á nokkurn hátt að hugsa um það, og það er að starfa án athafna. Og því betri sem menn verða, því opnari farvegir verða þeir og leggja sinn mikils-verða skerf til þess að skapa himnaríki á jörðu. Þetta er þó að eins ein leiðin af mörgum til þess að ná þessum og þvílíkum árangri.

ÞRÍR Í TÍU

Það er örðugt að skýra þessa umsögn. Vera má að hún sé þrettán. En það gæti einnig verið átt við tíu. Þrisvar sinnum þrír eru níu og hugsni maður sér allar tölurnar sem heild bætum við einni tölu við fyrir hana og þá verða það tíu: $(3 \times 3 = 9) + 1 = 10$. En þetta er aftur samtals 1 samkvæmt reglum talnaspekinnar og erum við þá aftur komin að frumtölunni, sem fyrst birtist í hinni skynhæfu tilveru. Tilveran er ein heild og tilverusviðin eru í raun réttir níu í okkar sólkerfi og höfum við þá samsvörunina við 3×3 og svo heildina 10. Sólkerfið þrjár tíu þróunarkerfi, en sjö eru ætíð starfandi, þrjú óvirk í hinum andlega heimi. Hann er því þrír í tíu, hvort sem lítið er á hlutina neðan frá eða ofan frá. Talan 13 getur einnig komið til greina á líkan hátt og talan tíu. Talan 12 á einnig ýmsar markverðar samstæður. Stjörnumerkin eru 12, pláneturnar 12, postularnir voru 12, ættkvíslir Ísraels voru 12, blóðdroparnir, sem féllu frá síðu Jesú á krossinum, samkvæmt helgisögn um hinn heilaga Gral voru 12 og blöð rósarinnar í rósarkrosslaunhelgunum voru 12. Við getum einnig sagt að við skiptum þessum tölum í fjóra flokka, eins og gert er í stjörnuspekinni og höfum við þá þrjú eldsmerki: Hrút, ljón og skotmann og jarðarmerkin þrjú: Naut, mey og steingeit, loftsmarkin þrjú: Tvíbura, vog og vatnsbera, og vatnsmerkin þrjú: Krabba, sporðreka og fiska. Höfum við þá $(3 \times 4 = 12)$ og bætum einum við fyrir heildina, eins og í fyrra sinnið, $= 13$.

BÓKIN EIN HEILD

Höfundurinn hefur skipt bókinni í 81 kafla, rótin af 81 er 9, enda er samkvæmt talnaspeki talan áttatíu og einn samtals níu, lagt saman þversum: $8+1=9$. Ef við reiknum bókina sem heild, eins og gert er í síðasta kafla, fáum við einnig töluna 10. Miðtalan úr níu er fimm. Bókin var skráð með 5000 bókstöfum. Þversumman af því er 5. Tölurnar eru 9 og í þessum níu tölum er skráð hin birta tilvera og allir eiginleikar hennar. Núllin tákna óendanleikann. Þegar þeim er bætt framan við tölu, tákna þau óendanleika smæðarinnar, en þegar þeim er bætt aftan við tölu tákna þau óendanleika stærðarinnar. Miðlungstala hinnar birtu tilveru og jafnvægistala hennar er því talan 5 og tákna skapandi hugsun, þekkingu og visku, sem er undirstaða allrar fræðslu og alls þroska, og því er það eigi að ófyrirsynju að höfundur hefur látið kaflatölu bókarinnar vera samanlagða níu með samtalsgrunntölunni fimm.

Jón Árnason, prentari.